



Jafnréttisáætlun Blönduósbæjar

Jafnréttisáætlun Blönduósbæjar byggir á lögum nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Markmið jafnréttisáætlunarinnar er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla í Blönduósbæ. Jafnframt er markmið að bæði konur og karla nýti sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar í atvinnulífinu, innan fjölskyldunnar, í félagslífi og til menntunar. Leitast skal við að flétta jafnréttismálin inn í starfsemi og líf bæjarbúa, þannig að þau verði eðlilegur þáttur í allri starfsemi.

Með samþykki jafnréttisáætlunar fyrir sveitarfélagið er lögð áhersla á frumkvæði bæjaryfirvalda til aðgerða sem jafna rétt kynjanna.

Með jafnréttisáætlun Blönduósbæjar er kveðið á um það hvernig bæjaryfirvöld, stofnanir og fyrirtæki í Blönduósbæ og bæjarbúar geta unnið að jafnrétti, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla og þar með að bættum samskiptum og líðan allra bæjarbúa.

Framkvæmd og umfang

Jafnréttisáætlun Blönduósbæjar tekur til stjórnkerfis sveitarfélagsins og starfsmanna bæjarins annars vegar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem veitt er hjá stofnunum.

Bæjarráð fer með jafnréttismál sveitarfélagsins og skal vinna að því að jafna stöðu kynjanna í fyrirtækjum og stofnunum bæjarins ásamt því að vera ráðgefandi í stefnumótun í málaflokknum.

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Blönduósbæjar skal leitast við að hlutföll kynja séu sem jöfnust.

Stjórnkerfi og starfsmannastefna

Samanber starfsmannastefnu Blönduósbæjar lið 5. a, skulu lausar stöður að öllu jöfnu auglýstar til umsóknar. Hvatning til þess kyns sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein skal koma fram í auglýsingu um starf eða hvatning þess efnis að konur jafnt sem karlar sæki um starfið.

Við úthlutun verkefna, ráðninga, tilfærslna í starfi og við uppsagnir skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Þess skal gætt að konur og karlar njóti að öllu leyti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna og er vísað til laga nr. 28/1991. Í því sambandi skal leitast sérstaklega við að gæta jafnræðis við mat mismunandi starfssviðs, reynslu og menntunar kvenna og karla. Þannig skal til dæmis leitast við að meta heimilisstörf til starfsaldurs.

Það telst þó ekki til mismununar að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar, barnsburðar og umönnunar ungbarna.

Starfsfólk Blönduósbæjar skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu vinnutíma, þar sem því verður við komið. Konum og körlum skal einnig gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið til að sinna fjölskylduábyrgð, eins og umönnun veikra barna eða annarra nákominna.

Fræðsla og ráðgjöf

Starfsmönnum Blönduósbæjar og öðrum bæjarbúum skal standa til boða aðstoð og fræðsla í jafnréttismálum. Þetta á við um störf og starfsaðstæður, s.s. kjör og samskipti á vinnustað, kynferðislega áreitni, valdbeitingu og önnur þau mál sem snúa að jafnrétti og samskiptum kynjanna. Þar á meðal leiðbeiningar við kærur til kærunefndar jafnréttismála.

Æskulýðs- og tómstundanefnd skal veita stúlkum og drengjum sömu tækifæri til íþróttaiðkana og íþróttá- og félagasamtök eru hvött til hins sama. Kynin sitji jöfn að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til íþróttaiðkunar. Þess skal gætt að stúlkur og drengir hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

Beina skal því til skólayfirvalda og forstöðumanna uppeldisstofnana að vinna að jafnri stöðu kynjanna og veita börnum og unglíngum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti kynjanna.

Áherslu skal leggja á að kennarar fái þjálfun í að undirbúa nemendur af báðum kynjum fyrir einkalíf, atvinnulíf, félags- og fjölskyldulíf.

Því er beint til skólayfirvalda

- að þau sjái til þess að námsefni mismuni ekki kynjunum
- að sjálfstyrking sé sjálfsagður hluti námsins á öllum skólastigum
- að skólinn leggi áherslu á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldur og atvinnulífs
- að skólinn geri átak í því að kynna nám í hefðbundnum karlagreinum fyrir stelpum og hefðbundnum kvennagreinum fyrir strákum.

Kynning

Útgáfa fræðslu- og kynningarefnis um jafnrétti er æskilegt að efla.

Jafnréttisáætlun þessa skal kynna fyrir stjórnendum sveitarfélagsins, kjörnum fulltrúum og embættismönnum. Eftir samþykki jafnréttisáætlunar Blönduósbæjar skal hún einnig kynnt bæjarbúum, stofnunum og fyrirtækjum bæjarins og stéttarfélögum.

Stöðu kvenna og karla í Blönduósbæ skal kanna á hverju kjörtímabili.

Nauðsynlegar eru fræðslu- og kynningaraðgerðir að frumkvæði bæjaryfirvalda sem hafa það að markmiði að efla jafnrétti kynjanna.

Endurskoðun

Áætlun þessi skal yfirfarin af bæjarráði annað hvert ár en heildarendurskoðun skal fara fram á fjögurra ára fresti, strax eftir kosningar.

Samþykkt í bæjarstjórn Blönduósbæjar, 12. September 2006.